

# Bjarkaráspistillinn

Vikan 11-15 apríl.

## Verkefni í húsi þessa vikuna

- Sp fjármögnun -umslagapökkun
- Umferðarstofa-pökkun og merking




Eyjólfur vökvar undir góðri leiðsögn Lilju garðyrkjfr.



Glaðir herrar á heimleið með fjölda vinninga

## Afmælisbarn vikunnar



Svenni 39 ára  
16. apríl

Heilir og sælir, ágætu lesendur

Mikið hefur verið að gera í Bjarkarási þessa viku. Auk venjubundinna verkefna er á öllum deildum hafinn undirbúningur fyrir viðburðinn List án landamæra þar sem sköpunargleðin er á hávegum höfð og ræður för.

Nú er einnig mikill annatími í Gróðurhúsinu, sáning í fullum gangi og vorlegt um að litast. Árangur erfiðis er jafnframt kominn í ljós og gefur að líta fyrstu tómatu og agúrku.

Karlabúburinn var haldinn í Lækjarási nú í vikunni. Spilað var bingó og léttar veitingar í boði. Herrarnir í Bjarkarási voru mjög sigursælir og lönduðu fjölda vinninga.

Í vikulokin kvöddu allir þroskaþjálfanemarnir sem verið hafa á staðnum undanfarnar vikur. Óskum við þeim velfarnaðar og þökkum góð kynni.

Góða helgi, starfsfólk Bjarkaráss



Helga Matthildur myndarleg í matsalnum